

Alþingi 13.3.2018

Málsnr.: 1802062

Málalykill: 034.6



Fjárlaganefnd Alþingis
Alþingi v/ Austurvöll
101 Reykjavík

ÚTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarárstígur 25, 105 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 7. mars 2018


Tilvísun: UTN17010167/50.H.006

StSi/kaþ

Ráðuneytið hefur tekið til skoðunar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur á þingskjali 241, 167. mál á 148. löggjafarþingi.

Í 1. gr. frumvarpsins er ákvæði um breytingu á lögum um Íslandsstofu, nr. 38/2010, með síðari breytingum. Í greinargerð segir um ákvæðið að með breytingunni sé lagt til að fjármögnun Íslandsstofu af hálfu ríkisins verði efnislega eins og verið hefur, utan þess að markaðsgjaldið sem slíkt renni í ríkissjóð en samsvarandi fjárhæð verði ráðstafað til stofnunarinnar með fjárveitingu á grundvelli heimildar í fjárlögum. Gert sé ráð fyrir að fjárveiting hvers árs taki mið af áætluðum tekjum af markaðsgjaldi á viðkomandi fjárlagaári.

Ráðuneytið hefur ekki sérstakar athugasemdir við efni ákvæðis 1. gr. frumvarpsins, en vill vekja athygli fjárlaganefndar á að utanríkisráðherra mun á vorþingi leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um Íslandsstofu, nr. 38/2010. Í frumvarpi utanríkisráðherra er gert ráð fyrir samhljóða ákvæði og er í 1. gr. frumvarps fjármálaráðherra. Ráðuneytið telur óþarft að sama lagabreytingin sé lögð fram í tveimur lagafrumvörpum og telur eðlilegra að hún sé hluti af frumvarpi utanríkisráðherra er lýtur að endurskoðun á lögnum um Íslandsstofu í heild sinni.

F. r.

Sturla Sigurjónsson
ráðuneytisstjóri